

Nd.

374. Frumvarp til laga

[102. mál]

um breyting á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnáam, ræktun og byggingar í sveitum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 11. marz.)

1. gr.

2. málsgr. 27. gr. laganna orðist þannig:

Til þessara framkvæmda greiðir ríkissjóður minnst 7.15 millj. kr. árlega frá 1963—1985, að báðum árum meðtöldum.

2. gr.

Í stað orðanna „10 ha“ í fyrsta málslið 39. gr. laganna komi: 15 ha.

3. gr.

Í stað orðanna „10 ha“ í fyrstu málsgrein 47. gr. laganna komi: 15 ha.

4. gr.

Í stað orðanna „40 þúsund“ í 1. málsgr. 48. gr. laganna komi: 50 þúsund.

5. gr.

Í stað orðanna „10 ha“ í 50. gr. laganna komi: 15 ha.

6. gr.

60. gr. laganna orðist svo:

Á tímabilinu 1963—1970, að báðum árum meðtöldum, er heimilt að veita jörðum, er hafa véltæk tún undir 15 ha, óafturkræft framlag á úttekna ræktun að því marki, að þessari túnstærð sé náð. Ákvæði þetta nær til lögbýlisjarða, þar sem athuganir Landnáms ríkisins hafa leitt í ljós, að aukin ræktun geti tryggt viðunandi lífsafkomu á jörðunum og komi í veg fyrir, að jarðirnar fari í eyði.

Óafturkræft framlag má þó ekki vera hærra en sem nemi, að viðbæltu framlagi samkvæmt jarðræktarlögum, 50% af ræktunar- og girðingarkostnaði eftir meðalverði ár hvert.

Framræslukostnaður og framlag til hans samkvæmt jarðræktarlögum koma ekki til greina við útreikning framlags samkvæmt þessari grein.

7. gr.

Á eftir orðunum „örðugan fjárhag“ í 63. gr. laganna komi: og hafa meðaltekjur eða lægri.

8. gr.

64. gr. laganna orðist svo:

Til þeirra framkvæmda, er um getur í 60. gr., og til framkvæmda, er framlagsrétt fá samkvæmt 63. gr., greiðir ríkissjóður 7.6 milljónir króna árlega á árunum 1963—1970, að báðum árum meðtöldum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.